

ÁRSSKÝRSLA 2021



Náttúruhamfaratrygging
Íslands

EFNISYFIRLIT

Upplýsingar um stjórn og starfsfólk	4-5
Upplýsingar um tjónsatburði á árinu 2021	6-9
Helstu upplýsingar úr rekstrinum 2021	10-11
Rekstrarreikningur	12
Efnahagsreikningur	13
Helstu skýringar með ársreikningi	14-15





STJÓRN

Stjórn NTÍ var skipuð árið 2019 til fjögurra ára. Stjórnina skipa Sigurður Kári Kristjánsson formaður, Lína Björg Tryggvadóttir varaformaður, Jóna Björk Guðnadóttir, Ragnar Þorgeirsson og Steinar Harðarson.



Sigurður Kári Kristjánsson, stjórnarformaður, starfar hjá Lögmönnum Lækjargötu. Hann hefur gegnt hlutverki stjórnarformanns Náttúruhamfaratryggingar Íslands frá árinu 2015 og er skipaður af ráðherra.



Lína Björg Tryggvadóttir, varaformaður, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarlögmans. Lína Björg var fyrst skipuð í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2011 og var varaformaður stjórnar frá árinu 2015.




Jóna Björk Guðnadóttir, er yfirlögfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF). Hún var varamaður í stjórn frá 2015-2019, en var skipuð í stjórn NTÍ eftir tilnefningu frá SFF árið 2019.



Ragnar Þorgeirsson, er löggildur fasteignasali og starfar á Heimili fasteignasölu. Ragnar var fyrst skipaður í stjórn NTÍ af Alþingi árið 2015. Ragnar er fulltrúi stjórnar í endurskoðunarnefnd.



Steinar Harðarson, starfar sem sjálfstæður vinnuverndarráðgjafi hjá Vinnuvernd og forvörnum ehf. Hann var í stjórn frá 2011-2015, varamaður frá 2015-2019 og var aftur skipaður í stjórn árið 2019.



STARFSFÓLK

Kjarnastarfsemi NTÍ er skipuð fáum einstaklingum sem annast fjölbreytt verkefni innan stofnunarinnar. Þegar tjónsatburðir eiga sér stað er starfsemin miðuð að því að geta vaxið á skömmum tíma, bæði með tímabundnum ráðningum og þjónustu verktaka.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir er forstjóri NTÍ frá árinu 2010. Hún er M.Sc. í bankastjórnun, fjármálum og alþjóðaviðskiptum og starfaði áður við innri endurskoðun og fjármálastjórn.



Jón Örvar Bjarnason er sviðsstjóri váttryggingasviðs. Hann er M.Sc. í byggingaverkfræði og hefur starfað hjá NTÍ síðan 2013. Hann starfaði áður sem verkfræðingur og matsmaður í tjónamati.



Jóhann Árni Helgason, sviðsstjóri þjónustusviðs. Hann er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði. Hann hóf störf í ársbyrjun 2022 en starfaði áður sem stjórnandi á sviði upplýsingatækni.




Vignir Jónsson, er sérfræðingur á váttryggingasviði frá því í ágúst 2021. Hann er B.Sc í hagfræði og starfaði áður sem ráðgjafi við fjármál og efnahagsmál.



Jónína Pálsdóttir, bókarí og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað hjá NTÍ frá árinu 2012. Jónína hefur lengst af starfað við bókhald hjá ýmsum fyrirtækjum.



Jóhanna María Kristinsdóttir, gæða- og þjónustufulltrúi. Hún hefur starfað í hlutastarfi hjá NTÍ frá því í janúar 2022, en fram að því starfaði hún aðallega við ferðaþjónustu.



TJÓNSATBURÐIR Á ÁRINU 2021


Alls voru tilkynnt tjón vegna 11 tjónsatburða á árinu 2021 til NTÍ. Þetta eru heldur fleiri atburðir en í meðalári, en frá árinu 1987 hafa að meðaltali verið sjö tjónsatburðir á ári. Af þessum 11 tjónsatburðum voru 10 atburðir sem leiddu til útborgunar tjónabóta en í einum atburði var ekki um að ræða neinar tjónabætur. Þeir atburðir sem leiddu til greiðslu tjónabóta á árinu voru eftirfarandi.

- Krapaflóð í Jökulsá á Fjöllum 1. janúar 2021
- Snjóflóð í Skarðsdal 20. janúar 2021
- Snjóflóð í Dalsmynni 28. janúar 2021
- Krapaflóð í Skriðdal 15. febrúar 2021
- Jarðskjálftahrina á Reykjanesi frá 24. febrúar 2021
- Skriðuföll í Mjólka 18. mars 2021
- Aurskriða í Varmahlíð 29. júní 2021
- Vatnsflóð á Ólafsfirði 3. október 2021
- Vatnsflóð á Stöðvarfirði 17. október 2021
- Krapaflóð í Syðri-Hvammsá 24. nóvember 2021

Í einhverjum málum er uppgjóri bóta ekki lokið. Mest varð tjónið í snjóflóði í Skarðsdal við Siglufjörð í janúar 2021, en tjónabætur vegna þeirra námu 53 milljónum króna.

Tilkynnt tjónamál á árinu 2021 voru samtals 226. Í 56 tilvikum leiddi tilkynning til tjónabóta, í 155 tilvikum var málum hafnað þar sem ekki var unnt að rekja skemmdir til váttryggðs atburðar og í 12 tilvikum var um að ræða tjón undir eigin áhættu.

GREIDDAR TJÓNABÆTUR Á ÁRINU 2021





HELSTU UPPLÝSINGAR ÚR REKSTRINUM

Vegna ársins 2021


Heildarhagnaður ársins 2021 nemur 4,8 milljörðum samanborið við 6 milljarða árið 2020. Fjárfestingatekjur nema samtals 2,5 milljörðum, samanborið við 4,6 milljarða árið 2020 og 3,3 milljarða árið 2019. Iðgjaldtekjur aukast um rúmlega 4,2% á milli ára. Á sama tíma eykst rekstrarkostnaður um tæplega 26%. Hækkunin skýrist að stærstu leyti af styrkveitingu til flutnings á skíðamannvirkjum á Siglufirði af hættusvæði, en hann nemur tæplega 12% af heildar rekstrarkostnaði ársins. Einnig eru útgjöld vegna þróunar á upplýsingatæknikerfum u.þ.b. helmingi hærri en í meðalári þar sem gera þurfti mikilvægar umbætur á tjónakerfi NTÍ. Launakostnaður jókst um 10% á milli ára, en nýr starfsmaður bættist í starfsmannahópinn í ágúst 2021. **Mynd 1** sýnir hvernig heildartekjur NTÍ á árinu 2021, alls 7 milljarðar skiptast á milli iðgjalda- og fjárfestingartekna. **Mynd 2** sýnir þróun á heildarvirði váttrygðra eigna frá árinu 2003 í milljörðum króna. Á **Mynd 3** má sjá heildartjónskostnað NTÍ allt aftur til ársins 2008, en í maí það ár varð stór jarðskjálfti á Suðurlandi, sem jafnframt er stærsti tjónsatburður í sögu stofnunarinnar. Heildargreiðslur vegna atburðarins, framreiknaðar með byggingarvísitölu til ársloka 2021, nema rúmlega 16,3 milljörðum króna.

Hagnaði NTÍ er ráðstafað inn á eignasafn, en eignir aukast um 6,2% á milli ára. Efnahagsreikningur í árslok 2021 gefur niðurstöðu upp á 58,3 milljarða, samanborið við 54,5 milljarða í árslok 2020.

TEKJUSKIPTING


Samtals 7 milljarðar króna

Mynd 1




HEILDARVIRÐI VÁTRYGGÐRA EIGNA

Mynd 2



HEILDARTJÓN FRÁ 2008-2021 Á NÚVIRÐI

Mynd 3





LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI 2021

ALLAR FJÁRHÆÐIR ERU Í
MILLJÓNUM KRÓNA

REKSTRARREIKNINGUR

		2021	2020
Iðgjöld ársins		3.706.021	3.556.256
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum		(503.550)	(462.240)
Eigin iðgjöld	4	3.202.471	3.094.016
Fjármunatekjur	5	3.253.598	5.950.565
Fjármagnstekjuskattur	17	(715.792)	(1.309.124)
Fjárfestingatekjur		2.537.806	4.641.441
Heildartekjur		5.740.277	7.735.457
Tjónakostnaður		(372.666)	(1.275.904)
Eigin tjón	6	(372.666)	(1.275.904)
Rekstrarkostnaður	7-9	(562.687)	(447.047)
Umboðslaun		(30.441)	(31.373)
Fjármagnsgjöld	5	(5.971)	(3.452)
Önnur gjöld		(599.099)	(481.872)
Heildargjöld		(971.765)	(1.757.776)
Heildarhagnaður ársins		4.768.512	5.977.681

EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2021

	Skýr.	2021	2020
EIGNIR			
Rekstrarfjármunir	10*	7.669	3.293
Leigueign	11*	50.530	54.299
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	13*	56.159.984	52.151.503
Endurtryggingaeignir	14*	12.000	12.000
Viðskiptakröfur		998.741	852.249
Aðrar kröfur		3.937	5.322
Handbært fé		1.017.746	1.427.848
		58.250.607	54.506.514
EIGIÐ FÉ			
Varasjóður		4.270.135	4.270.135
Óráðstafað eigið fé		50.535.798	45.767.286
	15*	54.805.933	50.037.421
SKULDIR			
Vátryggingaskuld	15*	1.228.769	2.214.954
Skattskuldbinding	16*	2.088.765	2.132.566
Leiguskuld		54.330	57.048
Viðskiptaskuldir		21.006	17.691
Áfallinn kostnaður		51.804	46.834
		4.444.674	4.469.093
		58.250.607	54.506.514

*Stjörnumerktar skýringar má finna í ársreikningi NTÍ, www.nti.is, aðrar skýringar er að finna á bls. 12-13

HELSTU SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2021

Skýring 4	2021	2020
Eigin iðgjöld		
Bókfærð iðgjöld	3.781.835	3.578.019
Hluti endurtryggjenda	(503.550)	(462.240)
Breyting á iðgjaldaskuld	(75.814)	(21.763)
Eigin iðgjöld samtals	3.202.471	3.094.016
Skýring 5		
Fjármunatekjur		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum	4.085	6.811
Aðrar vaxtatekjur	324	491
Gangvirðisbreyting verðbréfa	3.249.189	5.942.027
Gengismunur gjaldmiðla	0	1.236
Fjármunatekjur samtals	3.253.598	5.950.565
Skýring 6		
Eigin tjón		
Bókfærð tjón	1.434.666	174.925
Breyting á tjónaskuld	1.062.000	1.100.979
Eigin tjón samtals	372.666	1.275.904
Skýring 7		
Rekstrarkostnaður		
Laun og launatengd gjöld	110.968	100.697
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	44.472	43.684
Innheimtuþóknun váttryggingafélaga	155.942	147.418
Umsýsluþóknun fjársýsluaðila	111.144	103.377
Rannsóknarkostn.vegna náttúruvár	1.016	5.097
Húsnæðiskostnaður	3.758	3.461
Breyting á niðurfærslu krafna	792	382
Tapaðar kröfur	1.134	456
Afskriftir rekstrarfjárm. og leigueignar	7.734	6.783
Annar rekstrarkostnaður	59.043	27.335
Rekstrarkostnaður samtals	562.687	447.047





Skýring 8

	2021	2020
Laun og launatengd gjöld		
Laun	88.661	80.042
Lífeyrisiðgjöld	14.027	13.033
Tryggingaiðgjald	6.442	6.025
Önnur launatengd gjöld	1.838	1.597
Laun og launatengd gjöld samtals	110.968	100.697
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	6,5	6

Skýring 9

Þóknun til endurskoðanda		
Endurskoðun ársreiknings	2.218	2.079
Innri endurskoðun	2.906	2.049
Endurskoðunarkostnaður samtals	5.124	4.128

Skýring 17

Skuldbinding vegna fjármagnstekjuskatts		
Skuldbinding í ársbyrjun	2.132.566	1.304.435
Fjármagnstekjuskattur ársins	715.792	1.309.124
Greiddur fjármagnstekjuskattur	(759.593)	(480.993)
Skuldbinding í árslok	2.088.765	2.132.566

Ársreikning NTÍ má finna á heimasíðu NTÍ undir "Útgefið efni", eða með því að bera myndavél á símans að þessum QR kóða, þá opnast hlekkur á ársreikninginn.



FRÆÐSLUDAGUR FYRIR TJÓNAMATSMENN MAÍ 2022

Náttúruhamfaratrygging Íslands stóð fyrir fræðsludegi fyrir tjónamatsmenn föstudaginn 29. apríl. Auk umfjöllunar um lög, reglur og umgjörð NTÍ og undirbúning fyrir tjónamat var lögð áhersla á að undirbúa matsmenn sem sinna vettvangsvinnu fyrir NTÍ fyrir erfiðar aðstæður og mismunandi nálgun sem hafa þarf í huga þegar komið er inn á heimili þar sem áfall hefur nýlega átt sér stað. Haukur Ingi Jónasson, sálgreinir og lektor við MPM-nám Háskólans í Reykjavík var með sérlega áhugaverðan fyrirlestur um aðferðir til að ná niðurstöðu í erfið mál. Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði var með fræðslu um eldgosavá og upplýsingar um sögulega og mögulega framtíðaratburði á því sviði. Ólafur Wallevik, doktor í verkfræði hélt einstaklega áhugaverðan fyrirlestur um eðli sprungna í steypu, þar sem áhersla var á hvernig hægt er að þekkja muninn á hefðbundnum sprungum í steypu og sprungum af völdum jarðskjálfta. Í lokin kom Edda Björgvinsdóttir, leikkona og fyrirlesari um jákvæða sálfræði og minnti á mikilvægi þess að hafa húmor í daglegu lífi, jafnt í vinnu og einkalífi. Þátttakendur á fræðsludeginum voru tæplega 30 frá fjórum verkfræðistofum og einnig voru gestir frá öllum váttryggingafélögum ásamt starfsfólki NTÍ.



Það var einbeittur hópur sem var samankominn á Hótel Natura við Reykjavíkurflugvöll þennan dag.



Í upphafi fræðsludagsins var tími til að kynnst aðeins innbyrðis og vinna saman í liðum.



Ákvörðun bóta og verklag við tjónamat fyrir NTÍ - Jón Örvar Bjarnason



Eldgos og tengd vá - við hverju má búast í ljósi sögunnar - Magnús Tumi Guðmundsson



Húmor og gleði í vinnunni, dauðans alvara - Edda Björgvins



Að meta tjón í kjölfar hamfara, áföll og framkoma - Haukur Ingi Jónasson



Hvenær er tjón tjón? Ólafur Wallevik um sprungur í steinsteypu

